

Fundur umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 30. nóvember 2022:

Tillaga áheyrnarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um bætt útsýni í Reykjavík fyrir borgarbúa – US220310

Umhverfis- og skipulagssvið samþykkir að ný viðmið verði sett í aðal- og deiliskipulagi. Þau feli í sér að eftir því sem byggingar færast nær strandlengju þeim mun lægri skuli þær vera. Með því að láta háar byggingar standa fjær strandlengju og þær lægri nær tryggjum við að sem flestir hafi útsýni frá heimili sínu. Þetta verði tryggt í öllum nýbyggingum í hverfum borgarinnar.

Greinargerð:

Á síðustu árum hefur það aukist mjög að háar byggingar séu reistar næst sjávarsíðunni. Þetta skyggir á önnur íbúðarhúsnæði sem höfðu útsýni fyrir. Við höfum dæmi um þetta á Kirkjusandi þar sem nýjar blokkir skyggja á útsýni og lægri blokkir frá Bjargi íbúðafélagi eru láttnar dvelja í skugganum án útsýnis. Auðveldlega væri hægt að fyrirbyggja þetta með því að gera þetta öfugt; byggja háar byggingar fyrir aftan þær lægri og fjær sjó. Allir græða á þessu vegna þess að fleira fólk mun hafa útsýni.